



UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
Engjavegur 6, 104 Reykjavík
568 2929, umfi@umfi.is

FUNDARGERÐ
STJÓRNAR

4. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Haldinn 12. febrúar í fjarfundi

Mætt eru: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Guðný Stefanía Stefánsdóttir (GSS), Gunnar Þór Gestsson (GPÖ), Halla Margrét Jónsdóttir (HMJ), Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Margrét Sif Hafsteinsdóttir (MSH), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson (SES), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Skúli Bragi Geirdal (SBG), Sara Jóhanna Geirsdóttir Waage (SJGW) fulltrúi ungmennaráðs, Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri, Einar Þ. Eyjólfsson (EPE) fjármálastjóri.

Forföll boðaði: Birgir Már Bragason (BMB).

Formaður setti fund kl. 17:00

1. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra

- AIP fór yfir starfseminna frá síðasta stjórnarfund.

2. Fundargerðir lagðar fram til kynningar

- 3. fundargerð stjórnar
- 3. fundargerð framkvæmdastjórnar
- 2. fundargerð úthlutunarnefndar sjóða
- 2. fundargerð ungmennaráðs
- 3. fundargerð ungmennaráðs
- 2. fundargerð fjárhags- og greininganefndar
- 3. fundargerð fjárhags- og greininganefndar
- 2. fundargerð Þrastaskógarnefndar
- 1. fundargerð heiðursráðs
- 2. fundargerð upplýsingatækninefndar
- 3. fundargerð miðlunar- og samskiptanefndar
- 1. fundargerð móta- og viðburðarnefndar
- 1. fundargerð skólabúðanefndar

3. Erindi frá nefndum

- Fjárhags- og greininganefnd UMFÍ telur mikilvægt að gerð verði úttekt á hagrænum áhrifum íþróttar með það að markmiði að meta fjárhagslegan og samfélagslegan ávinning af fjárfestingu í íþróttastarfi. Gera má ráð fyrir að slík úttekt geti kostað á bilinu 10-15 m.kr. eftir umfangi. Næstu skref væru að taka saman þá efnisþætti sem þyrftu að koma fram í úttektinni og hefur nefndin lagt fram drög þess efnis. Nefndin leggur til við stjórn að framkvæmdastjóra UMFÍ verði falið að hafa samband við ÍSÍ um samvinnu að þessari úttekt. - Stjórn samþykkir tillögu nefndarinnar.
- Móta- og viðburðanefnd leggur til við stjórn að fyrirbyggjandi samningur og fyrirkomulag Unglingalandsmóts verði óbreyttur eins og hann liggur fyrir í núverandi mynd. - Stjórn felur AIP og HSH að funda með formanni UMSS um málið.
- Móta- og viðburðanefnd leggur til við stjórn UMFÍ, að fulltrúi UMFÍ í framkvæmdanefnd Landsmóts 50+, í Eyjafirði, verði Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson - Stjórn samþykkir tillögu nefndarinnar.

4. Upplýsingagjöf um skattamál íþróttahreyfingarinnar

- Jónas Gestur Jónasson frá Deloitte, sem situr í skattahópi íþróttahreyfingarinnar og stjórnvalda, kynnti vinnu nefndarinnar. Stjórn þakkar fyrir greinargóða kynningu.

Erindi frá nefndum fram haldið

- Upplýsingatækninefnd stefnir að í apríl 2026 verði haldin upplýsingaöryggisfræðsla fyrir starfsfólk UMFÍ o.fl. Nefndin óskar eftir því að formaður nefndarinnar (HMJ) setji upp þau skilyrði sem þurfi vegna þessarar fræðslu og leggi fyrir nefnd. - HMJ og SBG falið að vinna málið áfram.
- Þrastaskógarnefnd óskar eftir að ekki verði framlengdur samningur við Mosala ehf. eftir að frestur rennur út ef félagið getur ekki staðið við fjármögnun. - Stjórn samþykkir tillögu nefndarinnar.
- Heiðursráð óskar eftir því að hvatning verði send á sambandsaðila um að þeir sendi á UMFÍ hvaða aðila sambandsaðilar óski eftir að fái heiðursveitingu í formi heiðursfélaga, starfsmerkis eða gullmerkis. Ráðið hvetur svo stjórn UMFÍ til að taka til skoðunar að hvetja sambandsaðila til að tilnefna sjálfboðaliða ár hvert. - Stjórn þakkar fyrir ábendingar nefndarinnar.

5. Staða nefndarstarfs og verkefna

- Farið yfir stöðu nefndarstarfs og samantekt verkefna.
- SJGW sagði frá starfi ungmennaráðs undanfarnar vikur og hvað er á dagskránni fram undan.

6. Fjármál

- Minnisblað frá ODT ehf. lagt fram til kynningar.

- Drög af ársuppgjöri 2025 lagt fram til kynningar.

7. DGI Verdensholdet

- AIP fór yfir dagskrá heimsóknar DGI Verdensholdet til Íslands í mars.

8. Tilnefning í stjórn Íslenskra getrauna

- Stjórn tilnefnir AIP sem aðalmann og SBG sem varamann í stjórn Íslenskra getrauna.

9. Fundir og ferðir

- 3.1.'26. JSI og AIP á íþróttamanni ársins hjá ÍSÍ.
- 6.1.'26 JSI í nýársboði Forseta Íslands
- 9.1.'26 Formannafundur USVS. AIP mætti
- 13.1.'26 Stjórnarfundur ÆV. AIP mætti
- 15.1.'26 Stjórnarfundur getrauna. AIP mætti
- 19.-23.1.'26 DGI í heimsókn hjá UMFÍ.
- 20.1.'26 Íþróttafólk ársins hjá ÍRB. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson mætti.
- 25.1.'26 Stjörnuleikar á Akranesi. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson mætti.
- 30.1.'26 Stjórnarfundur getsþá. JSI mætti
- 30.1.'26 Setning á UEFA verkefni UMFÍ. AIP, SBG, Elísabet H. Salvarsdóttir, Aldís Baldursdóttir og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson mættu.
- 11.2.'26 Undirritun samninga með Mennta- og barnamálaráðherra, ÍSÍ og ÍF. JSI, AIP, SBG og HMJ mættu ásamt starfsfólki UMFÍ og svæðastöðvanna.

Farið yfir fundargerð í lok fundar.

Fundi slitið kl. 20:30

SÓJ ritaði fundargerð